



Stykkishólmur

Endurskoðunarskýrsla 2019

Ársreikningur 2019

Maí 2020

Inngangur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður endurskoðunar okkar á ársreikningi fyrir árið 2019 og er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur. Við munum fúslega ræða þau mál frekar sem fram koma í skýrslunni.

Við endurskoðunina höfum við það að markmiði að veita óháð álit á ársreikningnum og staðfesta að skýrsla stjórnar uppfylli kröfur laga.

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun.

Endurskoðun okkar er lokið og gerum við ráð fyrir að árita ársreikning sveitarfélagsins með fyrirvaralausri áritun þegar sveitarstjórn hefur samþykkt hann og mál sem fram koma á blaðsíðu 4 eru frágengin.


Við viljum benda ykkur á mikilvæg atriði á blaðsíðu 39 sem útskýra:

- tilganginn með skýrslunni;
- hvaða takmarkanir eru á vinnunni sem fram fór,
- takmörkun á dreifingu skýrslunnar.

3 Gæði í endurskoðun	4 Niðurstaða endurskoðunar	5 Mikilvægi	6 Umfang endurskoðunar	7 Fyrirhuguð áritun endurskoðanda	8-17 Áherslur í endurskoðun
18-19 Aðrar upplýsingar	20-38 Viðaukar	39 Fyrirvarar			



Gæði í endurskoðun okkar



Hvað felst í gæðum í endurskoðun?

Gæði endurskoðunar er kjarni alls sem við gerum hjá KPMG.

Við teljum að gæði endurskoðunar felist ekki aðeins í að veita rétt álit á ársreikningi, heldur einnig hvernig við komumst að því álit.

Við skilgreinum „gæði í endurskoðun“ þegar endurskoðunarvinnan er:

- **Framkvæmd með samræmdum hætti** í takt við kröfur og tilgang **viðeigandi faglegra staðla** innan áreiðanlegs **gæðastjórnunarkerfis**, og
- allar tengdar aðgerðir okkar eru unnar í umhverfi þar sem gerðar eru ýtrustu kröfur um **hlutlægni, óhæði, siðferð og heiðarleika**.

Myndin hér til hliðar dregur saman hvernig við uppfylfum gæði í endurskoðun.

Niðurstaða endurskoðunar

Áherslur í endurskoðun

- Innra eftirlit og fjárhagskerfi
- Stjórnsýsluskoðun
- Önnur atriði

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg.

Um er að ræða atburð eftir lok reikningsskiladags sem upplýst er um í skýringu 20 með ársreikningi.

Sjá nánari umfjöllun á bls. 17.

Ófrágengin mál

- Staðfestingabréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun bæjarstjórnar
- Undirrituð áritun endurskoðanda
- Lokaútgáfa endurskoðunarskýrslu

Veikleikar í innra eftirliti

Ekki komu fram verulegir veikleikar í innra eftirliti við skoðun okkar.

Við viljum benda á mikilvægi þess að frávikagreiningar séu unnar með formlegum hætti vegna fjárfestingaverkefna og brugðist sé við frávikum með viðeigandi hætti.

Við komum á framfæri ábendingum um veikleika í innra eftirliti sem ekki teljast verulegir en tækifæri eru til úrbóta í sérstakri skýrslu til bæjarstjóra.

Veikleikar í stjórnsýslu

Við stjórnsýsluskoðun komu ekki fram verulegir veikleikar

Í sérstakri skýrslu okkar til stjórnenda höfum við komið á framfæri ýmsum ábendingum í kjölfar stjórnsýsluskoðunar okkar.

Óleiðréttur mismunur

Mismunum eða skekkjum sem fram koma við endurskoðunina er safnað á sérstaka mismunalista og er lagt mat á uppsöfnuð áhrif þeirra undir lok endurskoðunarinnar.

Ekki er um að ræða óleiðréttan mismuni sem komu fram við endurskoðun.

Umfang endurskoðunar

Umfang endurskoðunar okkar nær yfir samantekin reikningsskil A og B hluta, sbr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Yfirlit yfir umfang endurskoðunar má sjá á bls. 6.


Mikilvægi

Heildartekjur þriggja ára

(meðaltekjur 2017, 2018 og áætlun 2019)

1.607,1 m.kr.

(2018: 1.332,6 m.kr.)



Mikilvægi

48,2 m.kr.

3,0% af heildartekjum

(2018: 40,0 m.kr., 3,0%)



AMPT - Mismunur tilkynntur til bæjarstjórnar (2018: 2,0 m.kr.)

2,4 m.kr.

PM - Mikilvægi fyrir einstaka liði reikningsskila (2018: 26,0 m.kr.)

31,3 m.kr.

M - Mikilvægi fyrir reikningsskilin í heild (2018: 40,0 m.kr.)

48,2 m.kr.

Ákvörðun mikilvægis

Mikilvægismörk eru mat okkar á því hver ásættanleg skekkja í ársreikningi er. Við ákvörðun mikilvægismarkar er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði til þess að breyta ákvörðun notenda reikningsskilanna.

Til að bregðast við uppsafnaðri áhættu eru endurskoðunaraðgerðir skipulagðar til að finna skekkjur sem eru lægri en mikilvægismörkin. Í sumum tilvikum lækkuð við þessi mörk enn frekar vegna liða sem kunna að vekja mikinn áhuga notenda reikningsskilanna.


Við munum tilkynna um:



Leiðréttan mismun



Óleiðréttan mismun



Skekkjur og skort á upplýsingum í skýringum (Leiðrétt og óleiðrétt)

Mikilvægi sem hlutfall af

2019
Heildarkostnaði

2018

3,3%

3,3%

Heildareignum

1,6%

1,7%

Umfang endurskoðunar

Umfang endurskoðunar Stykkishólmsbær 2019				
Sjóður / félag		Hlutfall tekna	Nálgun	Endurskoðandi
Stykkishólmsbær		98,3%	Endurskoðaður árseikningur	KPMG
Aðalsjóður	A hluti			
Eignasjóður	A hluti			
Þjónustustöð	A hluti			
Hafnarsjóður	B hluti			
Fráveita	B hluti			
Dvalarheimili	B hluti			
Þjónustuíbúðir	B hluti			
Fasteignir Stykkishólms ehf	B hluti	1,7%	Óendurskoðaður ársreikningur	KPMG
		100,0%		

Umfang endurskoðunar okkar nær yfir samstæðuársreikning sveitarfélagsins en undir hann falla sveitarsjóður, stofnanir og fyrirtæki þess, sbr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Við mat á umfangi er horft til tekna hvernar einingar sem fellur undir samstæðuna og er hlutfallsleg skipting sýnd hér að ofan.

Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bærarstjórnar Stykkishólsmæjers.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Stykkishólsmæjers fyrir árið 2019, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarstjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflagð nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bærarstjórnar og bærarstjóra á ársreikningnum

Bærarstjórn og bærarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bærarstjórn og bærarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er verða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bærarstjórn og bærarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Merkmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitim við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og víðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé villandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem verðar endurskoðunina, til að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningskilaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu víðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun bærarstjórnar og bærarstjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé víðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á víðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflagð er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna verðandi fjárhagslegrar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bærarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasætningar endurskoðunarinnar og veruleg atvikið sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bærarstjóra og bærarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 2020

KPMG ehf.



1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi (1)

Innra eftirlit

Áhættan

Innra eftirlit og virkni þess er veigamikill þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Okkar viðbrögð

Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2019 höfum við tekið mið af innra eftirliti og fjárhagskerfum sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Endurskoðun okkar byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Niðurstaða

- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi innra eftirlit og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Við viljum benda á að aðgreining starfa í ákveðnum tilfellum ekki með fullnægjandi hætti. Stjórnendur sveitarfélagsins eru meðvitaðir um þann veikleika í innra eftirliti.
- Mikilvægt er að fylgst sé með framvindu fjárfestingarverkefna með skipulegum hætti með hliðsjón af fjárhagsáætlun. Þannig að tryggja megi að fjárfestingar séu innan fjárheimilda. Sé um að ræða frávík er mikilvægt að samþykkja viðauka við gildandi fjárhagsáætlun áður en til útgjalda er stofnað.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2020.



1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi (2)

Mögulega sniðganga stjórnenda á eftirliti

Áhættan

Stjórnendur eru almennt í þeirri aðstöðu að geta átt við fjárhagsfærslur og sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig viðhaft sviksemi.

Endurskoðendum er skylt að framkvæma aðgerðir sem miða sérstaklega að því kanna hvort stjórnendur hafa sniðgengið eftirlit.

Okkar viðbrögð

Við skoðuðum hvort verulegar færslur, sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru á annan hátt óvanalegar, væru til staðar og ef svo er hvort bókhaldsleg meðferð væri viðeigandi.

Við leituðum að sviksemisfærslum með sjálfvirkum aðgerðum og gagnagreiningum.

Niðurstaða

Engar vísbendingar komu fram um sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.



2 Stjórnsýsluskoðun

Áhættan

Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.

Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

Okkar viðbrögð

Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“

Var í því sambandi kannað hvort bæjarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurstaða

Ekki komum fram verulegar athugasemdir við stjórnsýsluskoðun okkar.

Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.

Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2020.

3 Önnur áhersluatriði (1)

Varanlegir rekstarfjármunir

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Fyrirframgreiðsla til Brúar

- Varanlegir rekstarfjármunir fyrir A og B hluta námu um 2.762 millj. kr. í árslok eða um 85,3% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat er fært á eiginfjárreikning.
- Endurmat er fært ef breyting frá bókfærðu verði nemur 5% eða meira. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Endurmat lóða og lendna á árinu var yfir 5% af bókfærðu virði. Bókfært verð lóða og lendna var því hækkað um 39 millj. kr. á árinu og var 789 millj. kr. í árslok.
- Eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 179 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2019.
- Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, en færð óbein niðurfærsla til lækkunar ef gangvirði er metið lægra en kostnaðarverð.
- Niðurfærsla A hluta nam 25 þús. kr. í árslok 2019.
- Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs í tengslum við uppgjör A-deildar á árinu 2018 að fjárhæð 126 millj. kr. er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015., sbr. umfjöllun í skýringu 10 í ársreikningi.
- Gjaldfærsla ársins nemur 4,9 millj. kr. og færist meðal launa í rekstrarreikning.



3 Önnur áhersluatriði (2)

Óinnheimtar tekjur

- Útsvar og fasteignaskattur ársins námu 793 millj. kr. samanborið við 761 millj. kr. á fyrra ári. Það svarar til um 4,1% hækkunar á milli ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar tekjur 95 millj. kr. samanborið við 94 millj. kr. á fyrra ári.
- Óinnheimtar tekjur skiptast annars vegar í óinnheimtar skatttekjur að fjárhæð 47 millj. kr. í árslok samanborið við 48 millj. kr. á fyrra ári. Aðrar óinnheimtar tekjur námu 34 millj. kr. í árslok samanborið við 29 millj. kr. á fyrra ári.
- Óbein niðurfærsla óinnheimtra skatttekna nam 10,9 millj. kr. í árslok, samanborið við 8,7 millj. kr. á fyrra ári. Óbein niðurfærsla annarra tekna nam 2,8 millj. kr. í árslok samanborið við 2,6 millj. kr. á fyrra ári og hækkar því niðurfærslan um 0,2 millj. kr. milli ára.
- Eftir álagt útsvar er til innheimtu hjá innheimtumanni ríkissjóðs og nema eftirstöðvar þess í árslok 2019 samtals 13,5 millj. kr. með álögðum dráttarvöxtum. Óbein niðurfærsla vegna þessara krafna nam 10,9 millj. kr. í árslok 2019 eða 81% af eftirstöðvunum.
- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.
- Við endurskoðun okkar staðfestum við m.a. óinnheimtar skatttekjur með samanburði við ytri gögn og fórum yfir mat stjórnenda á niðurfærslu þeirra.
- Við endurskoðun okkar framkvæmdum við m.a. prófanir á eftirlitsaðgerðum og fórum yfir mat stjórnenda á niðurfærslu krafna.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 4,9 millj. kr. í árslok, samanborið við 5,2 millj. kr. á fyrra ári. Aðrar skammtímakröfur samanstanda að megninu til af kröfu virðisaukaskatts að fjárhæð 3,8 millj. kr.

Aðrar skammtímakröfur



3 Önnur áhersluatriði (3)

Lífeyrisskuldbinding

Skuldir við lánastofnanir

- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Lífeyrisskuldbindingin nam 255 millj. kr. í árslok og nemur reiknuð hækkun skuldbindingarinnar á árinu 13 millj. kr., sjá nánar í skýringu 14 í ársreikningi.
- Í umræddri skýringu eru birtar upplýsingar um áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar næstu ár.
- Endurskoðun lífeyrisskuldbindingar felur meðal annars í sér mat á hæfi tryggingastærðfræðings sem vinnur tryggingafræðilega úttekt á skuldbindingunni, yfirferð á undirliggjandi gögnum og forsendum og greiningaraðgerðir.
- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 1.786 millj. kr. og skiptast í langtímalán að fjárhæð 1.623 millj. kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 163 millj. kr.
- Langtímalán sveitarfélagsins eru verðtryggð í íslenskum krónum.
- Framangreindar skuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um, sjá nánari umfjöllun í skýringu 16 í ársreikningi.
- Við endurskoðun okkar höfum við m.a. aflað staðfestinga frá fjármálastofnunum um stöðu skulda í árslok, beitt greiningaraðgerðum og yfirfarið framsetningu.



3 Önnur áhersluatriði (4)

Skuldbindingar utan efnahags

- Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum stofnunum; Héraðsnefnd Snæfellinga, Byggðasamlag Snæfellinga, Félags- og skólapjónusta Snæfellinga, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vesturlandi.
- Sveitarfélagið undirritaði á árinu 2016 samning við verktaka um sorphirðu og rekstur gámasvæðis, samningurinn er til 5 ára og er framlengjanlegur um ár í senn þó að hámarki til 7 ára eða til ársloka 2021. Í framangreindum samningi eru ákvæði um byggingu flokkunarskemmu á lóð gámastöðvar í Stykkishólmi auk þess sem í samningi eru ákvæði um skyldur Stykkishólmsbæjar til kaupa eða leigu á umræddri flokkunarskemmu við samningslok. Kaupverð skal vera bókfært verð í bókhaldi verksala, tengt vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu í maí 2019 og skulu afskriftir nema 2,25% á ársgrundvelli.
- Við lok framkvæmdatíma skal hið bókfærða verð vera staðfest af skipulags- og byggingafulltrúa ásamt endurskoðanda Stykkishólmsbæjar og hefur það verið staðfest.
- Framreiknað kostnaðarverð byggingarinnar, að teknu tilliti til afskrifta, í árslok 2019 nam 51,5 millj. kr. Skuldbinding vegna þessa er ekki færð í ársreikninginn.



3 Önnur áhersluatriði (4)

Ábyrgðarskuldbindingar

Framsetning ársreiknings

- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.
- Við vekjum athygli stjórnenda á ofangreindum skyldum sveitarfélagsins
- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Ársreikningur sveitarfélagsins er saminn í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög um ársreikninga að því marki sem þau gilda um ársreikninga sveitarfélaga. Í því felst að almennar reglur ársreikningalaga gilda um ársreikninga sveitarfélaga en ekki sértækar reglur þeirra.

3 Önnur áhersluatriði (5)

Skatttekjur

Aðrar tekjur

Laun og launatengd gjöld

Annar rekstrarkostnaður

- Útsvar, fasteignaskattur og lóðarleiga nema um 46,1% af tekjum sveitarfélagsins. Framlög Jöfnunarsjóðs nema um 15,7% af tekjum sveitarfélagsins.
- Við endurskoðun okkar á útsvari og framlögum frá Jöfnunarsjóði var stuðst við ytri gögn frá Fjársýslu ríkisins og Jöfnunarsjóði og samanburði við önnur gögn.
- Aðrar tekjur nema um 38,2% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Endurskoðun annarra tekna fól m.a. í sér greiningaraðgerðir, staðfestingar við undirliggjandi gögn, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og samanburði við fyrra ár.
- Laun og launatengd gjöld nema 60,0% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Breyting áfallins orlofs nam 115 þús. kr. og er færð til lækkunar í rekstri meðal launa- og launatengdra gjalda. Áfallið orlof er fært meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi og nam í árslok 49,5 millj. kr.
- Meðal launa og launatengdra gjalda er gjaldfært viðbótarframlag til Brúar lífeyrissjóðs að fjárhæð 4,9 millj. kr. Í skýringu 10 í ársreikningi er nánar fjallað um uppgjör viðbótarframlags Stykkishólmsbæjar til lífeyrissjóðsins.
- Endurskoðun launa og launatengdra gjalda felst í prófunum á eftirlitsaðgerðum í launaferli, samanburði á fjárhagsbókhalði og launakerfi og greiningaraðgerðum auk úrtaksskoðana.
- Annar rekstrarkostnaður nemur 24,5% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Endurskoðun felur í sér greiningaraðgerðir, úrtaksprófanir, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og fyrra ári og yfirferð á eftirlitsaðgerðum tengdum öðrum rekstrarkostnaði. Farið er yfir samþykki kostnaðarreikninga og staðfest að það sé í samræmi við úthlutaðar heimildir.

3 Önnur áhersluatriði (6)

Atburðir eftir lok reiknissskiladags

- Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg.
- Veruleg óvissa ríkir um endanlega áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur.
- Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda.
- Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að ekki sé unnt, í ljósi framangreindrar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur sveitarfélagsins en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert.
- Til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði hefur sveitarfélagið m.a. tiltækt handbært fé, aðgang að 75,0 millj. kr. yfirdráttarheimild, sem ekki hefur verið nýtt, auk aðgangs að öðru lánsfé.
- Það er hins vegar ljóst að forsendur fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2020 eru að miklu leyti brostnar og er nú unnið að yfirferð á henni.

Aðrar upplýsingar til bæjarstjórnar

Atriði	Viðbrögð
Staðfestingabréf stjórnenda	● Við höfum ekki farið fram á sérstakar staðfestingar stjórnenda umfram þær sem koma fram í hefðbundnu staðfestingarbréfi stjórnenda fyrir árið 2019.
Tengdir aðilar	● Það komu ekki upp veruleg atriði vegna tengdra aðila í endurskoðun okkar.
Önnur atriði sem við viljum vekja athygli á	● Það er faglegt mat okkar að ekkert hafi komið fram í endurskoðuninni sem hefur veruleg áhrif á reikningsskilagerðina.
Veikleikar í innra eftirliti	● Við höfum greint stjórnendum frá helstu veikleikum í innra eftirliti sem komu upp við endurskoðunina.
Áritun á ársreikninginn	● Áritun okkar á ársreikning sveitarfélagsins verður fyrirvaralaus.
Sviksemi eða grunur um sviksemi, lögum og reglum ekki fylgt eða ólöglegt athæfi	● Ekki hafa komið upp sviksemisatvik eða grunur um sviksemi stjórnenda sveitarfélagsins eða starfsmanna í lykilstöðum innra eftirlits sem leiðir til verulegrar skekkju í ársreikningi.

Atriði	Viðbrögð
Verulegir erfiðleikar	● Ekki komu upp verulegir erfiðleikar við endurskoðunina.
Ágreiningur við stjórnendur eða takmörkun á umfangi	● Ekki kom upp ágreiningur milli endurskoðunarteymis og stjórnenda. Stjórnendur settu ekki takmarkanir á umfang endurskoðunarinnar.
Staðfesting á óhæði	● Ekki kom upp brot á óhæðisreglum við endurskoðunina. Endurskoðunarteymið og aðrir hjá KPMG sem tengjast endurskoðuninni, hafa fylgt siðareglum um óhæði.
Reikningsskila-aðferðir	● Í endurskoðun okkar höfum við metið hversu viðeigandi reikningsskilareglur, reikningshaldslegt mat og skýringar eru í ársreikningi sveitarfélagsins. Almennt teljum við þessi atriði vera viðeigandi.
Veruleg atriði sem voru rædd eða á að greina stjórnendum frá	● Farið var yfir helstu niðurstöður endurskoðunar með stjórnendum.

- Engin atriði sem þarf að upplýsa um
- Atriði sem þarf að upplýsa um

Aðrar upplýsingar til bæjarstjórnar (frh.)

Ábyrgð endurskoðanda

Endurskoðandi ber ábyrgð á að gefa álit á ársreikningnum sem gerður er af stjórnendum undir eftirliti bæjarstjórnar.

Endurskoðun ársreiknings afléttir ekki skyldum af stjórnendum eða bæjarstjórn á ársreikningnum.

Endurskoðanda ber að vekja athygli stjórnenda á verulegum vanköntum sem koma í ljós við endurskoðun ársreiknings og nýtast þeim sem hafa eftirlit með gerð ársreiknings. Einnig ber endurskoðanda að upplýsa um veruleg vandkvæði sem koma fram við endurskoðunina.

Álit okkar beinist ekki að upplýsingum sem ekki eru hluti ársreiknings og okkur er ekki skylt að leggja mat á hvort slíkar upplýsingar eru settar fram með réttum hætti. Við endurskoðun ársreiknings kynnum við okkur aðrar upplýsingar, þar sem verulegt misræmi milli þeirra og endurskoðaðs ársreiknings gæti grafið undan trúverðugleika ársreikningsins. Þegar við verðum vör við slíkt misræmi upplýsum við stjórnendur um það.

Staðfesting á óhæði

Við höfum metið og staðfest óhæði okkar sem endurskoðenda og óhæði allra starfsmanna okkar sem koma að endurskoðuninni.

KPMG leggur sérstaka áherslu á að gæta að óhæði í reynd og ásýnd. Í samræmi við siða- og óhæðisreglur ber öllum eigendum og starfsmönnum KPMG að staðfesta árlega að þeir hafi farið að reglum um óhæði, þar á meðal að þeir eigi ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem ganga gegn óhæðisreglum.

Frekari varúðarráðstafanir fela í sér reglubundið mat á samsetningu endurskoðunarteymisins, meðal annars yfirferð á starfstíma endurskoðenda í samræmi við settar reglur. Sérhvert nýtt verkefni sem vinna á fyrir ykkur fer í gegnum sérstakt samþykktarferli þar sem meðal annars er leitað samþykkis þess partners sem ber ábyrgð á endurskoðuninni.

Eftir að hafa farið yfir framangreint og önnur viðeigandi atriði er það mat okkar að KPMG sé óháð í samræmi við lög, reglur og endurskoðunarstaðla.



Viðaukar

Efnisyfirlit

	Bls.
Samaburður rauntalna við fjárhagsáætlun	21
Ársreikningur	24
Rekstur A hluta stofnana	28
Rekstur B hluta fyrirtækja	29
Lykiltölur og fjárhagsáætlanir	31

Samanburður rauntalna við fjárhagsáætlun

Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun			A hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2019	Frávik frá upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	797.541	802.647	-1%	826.238	-3%
Framlög Jöfnunarsjóðs	270.490	271.092	0%	276.634	-2%
Aðrar tekjur	275.351	262.232	5%	259.043	6%
	1.343.382	1.335.971	1%	1.361.915	-1%
